

Háskólafélag Suðurlands

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra til aðalfundar 2017 um starfsemina 2016



Inngangur	3
Stjórn Háskólafélagsins	4
Starfsmenn	4
Húsnæði	5
Helstu verkefni háskólafélagsins árið 2016.....	5
Þjónusta við fjarnema	7
Katla jarðvangur/Katla Geopark.....	7
Matvælabrúin – nýsköpun og stjórnun	8
Ferðamálabrúin – nýsköpun og stjórnun	9
Önnur verkefni	9
Samstarf við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS).....	11
Starfsemi Háskólafélagsins á Höfn	12
Samstarfið við Fræðslunetið og möguleg sameining félaganna	12
Helstu samstarfsaðilar.....	14

Háskólafélag Suðurlands – Þekkingarnet á Suðurlandi var stofnað 19. desember 2007. Háskólafélagið er einkahlutafélag, stofnað af þrettán sveitarfélögum á Suðurlandi auk Sambands sunnlenskra sveitarfélaga (SASS). Heimanmundur félagsins frá eignaraðilum sínum voru fjármunir frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands, 69.590.580 kr. Í ársbyrjun 2014 gerðist Sveitarfélagið Hornafjörður aðili að félaginu með kaupum á hlutafé að upphæð kr. 6.263.313.

Meginstarfsstöð Háskólafélagsins er á Selfossi í Fjölheimum við Tryggvagarð. Þar eru nú þrír starfsmenn félagsins í þremur stöðugildum (frá 1.3. 2016). Nokkrir starfsmenn hafa verið skilgreindir sem sameiginlegir starfsmenn Háskólafélagsins og Fræðslunetsins. Á það við um starfsmenn á Höfn, í Vík og í Fjölheimum, en þeir eru allir á launaskrá hjá Fræðslunetinu en sinna að hluta til verkefnum fyrir Háskólafélagið og Fjölheima.

Samkvæmt samþykktum einkahlutafélagsins er tilgangur félagsins að auka búsetugæði og styrkja efnahag á Suðurlandi með því að reka Þekkingarnet á Suðurlandi sem felur í sér að;

- miðla háskólanámi í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar á Suðurlandi og í samvinnu við íslenska og erlenda háskóla,
- sérsauma endurmenntun sem hæfir atvinnulífina, á eigin vegum eða í samvinnu við aðra,
- samhæfa og styrkja rannsóknir í fjórðungnum með því að auka samvinnu rannsóknarstofnana og fyrirtækja og
- leita eftir og miðla erlendri þekkingu með samvinnu við erlenda aðila á sviði menntunar og rannsókna.

Í samningi félagsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið eru meginmarkmið hans skilgreind sem þrjúþætt:

- bæta aðgengi íbúa Suðurlands að námi
- stuðla að auknu samstarfi og samþættingu menntunar, rannsókna og fræðastarfs,
- reka tímabundin átaksverkefni sem stuðla að byggðapróun og nýsköpun á starfssvæði HfSu

Jafnframt er tekið fram í samningnum að félagið leiði vinnu við þróun þekkingarnets á Suðurlandi sem miðar að samhæfðri starsemi staðbundinna þekkingarsetra annars vegar, og HfSu og Fræðslunetsins hins vegar.

STJÓRN HÁSKÓLAFÉLAGSINS

Stjórn Háskólafélagsins er skipuð eftirtöldum:

Sveinn Aðalsteinsson, formaður

Kristín Hermannsdóttir, varaformaður

Helga Þorbergsdóttir, ritari

Dagný Magnúsdóttir,

Olga Lía Garðarsdóttir,

Rögnvaldur Ólafsson,

Sigurður Þór Sigurðsson.

STARFSMENN

Starfsmenn Háskólafélagsins eru:

Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri

Guðlaug Ósk Svansdóttir, verkefnastjóri

Hrafnkell Guðnason, verkefnastjóri

Ingunn Jónsdóttir, verkefnastjóri

1. mars 2016 tók gildi samningur félagsins við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga um ráðgjafarþjónustu, vinnu við sóknaráætlun Suðurlands o.fl. og við þær breytingar jókst starfshlutfall Ingunnar úr hálfu starfi í fullt starf hjá Háskólafélaginu um leið og hún lét af störfum hjá Matís. Á sama tíma var Guðlaug ráðin til starfa hjá félaginu í hálfu starfi í tengslum við samninginn við SASS og er hún með starfsstöð á Hvolsvelli. Þá tekur félagið þátt í launakostnaði starfsmanna Fræðslunetsins í móttökunni og við þrif í Fjölheimum og starfsmanns Fræðslunetsins í Nýheimum á Höfn.

HÚSNÆÐI

Höfuðstöðvar félagsins eru í Fjölheimum á Selfossi. Þar eru skrifstofur starfsmanna, kennslustofur, lesstofa fyrir nemendur, kaffistofa og hópinnuaðstaða fyrir nemendur auk funda- og viðtalsherbergja.

Háskólafélagið er formlegur leigutaki húsnæðisins, alls 1620 fermetra, af Sandvíkursetri ehf, fasteignafélagi í eigu Sveitarfélagsins Árborgar. Um tíu ára leigusamning er að ræða (til ársloka 2022) og er umsamið leiguverð 15,7 mkr/ári, bundið vísitölu neysluverðs. Fjögur fyrstu ár leigutímans er þó veittur afsláttur af leigunni og er hún þannig 9 mkr 2013, 10 mkr 2014, 12 mkr 2015 og 13 mkr 2016. Að teknu tilliti til vísitöluákvæða samningsins var leigan 2016 rúmlega 14 mkr.

Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi er stærsti notandi húsnæðisins en auk þess hafa aðsetur í Fjölheimum Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurlandi, Markaðsstofa Suðurlands, Birta starfsendurhæfing, Náttúrustofa Vestfjarða, Réttindagæslumaður fatlaðs fólks á Suðurlandi, Minjavörður Suðurlands, Sálin sálfræðistofa; Lausnin fjölskyldumiðstöð og ráðgjafafyrirtækið Næsta skref. Framkvæmdastjórar Háskólafélagsins og Fræðslunetsins hafa náið samstarf um rekstur þekkingarsamfélagsins í Fjölheimum en líklega er hér um stærsta þekkingarsetur sinnar tegundar á landsbyggðinni með hátt á þriðja tug starfsmanna og þjónustu við hundruðir nemenda, bæði í framhaldsfræðslu og á háskólastigi, en þekkingarsetrið sem slíkt nýtur engra styrkja frá opinberum aðilum.

HELSTU VERKEFNI HÁSKÓLAFÉLAGSINS ÁRIÐ 2016

Segja má að á árinu 2016 hafi orðið nokkur tímamót í starfi félagsins með samstarfssamningi við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um ráðgjafaðþjónustu á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningarmála. Er félagið einn nokkurra aðila á Suðurlandi sem SASS gerði samning við, en hinir eru þekkingarsetrið Nýheimar á Höfn, þekkingarsetur Vestmannaeyja, Kötlusetur í Vík og Markaðsstofa Suðurlands á Selfossi. Verkefnum samningsins er sinnt frá starfsstöð félagsins í Fjölheimum en auk þess er starfsmaður félagsins á Hvolsvelli í hálfu starfi vegna þessa.

Á Höfn varð sú breyting í upphafi árs að Nína Sibyl Birgisdóttir lét af störfum hjá félaginu. Hún hafði verið í 70% starfi hjá félaginu 2014 og 2015 en þar eð starfsemi félagsins og Fræðslunetsins á Höfn var fjármögnuð þessi tvö ár með viðbótarfjárveitingum í gegnum Fræðslunetið fékk félagið launakostnað Nínu endurgreiddan hjá Fræðslunetinu. Í stað Nínu hefur verið ráðin Eyrún Unnur Guðmundsdóttir félagsráðgjafi. Er hún í fullu starfi og með ráðningarsamning við Fræðslunetið. Í starfslýsingu er hins vegar gert ráð fyrir því að hún sinni einnig verkefnum fyrir Háskólafélagið. Gert var ráð fyrir því að um ca. 20% starf yrði að ræða í verkefnum fyrir Háskólafélagið en reyndist vera um 10% skv. mati starfsmannsins. Í uppgjöri milli félaganna var ákveðið að miða við 15% hlut félagsins í launakostnaði 2016. Starfsemi Fræðslunetsins á Höfn hefur vaxið og dafnað og er Nína Sibyl nú einnig komin þar í hlutastarf hjá Fræðslunetinu.

Á höfuðdaginn, 29. ágúst, opnaði Rangárþing ytra námsver á Hellu og er það bæði ætlað fyrir nemendur í framhaldsfræðslu og háskólanámi. Bæði Háskólafélagið og Fræðslunetið fjármögguðu kaup á húsbúnaði fyrir námsverið (borð, stóla, skilrúm og töflu) en reksturinn er alfarið á hendi sveitarfélagsins.



Frá vígslu námsversins á Hellu 29. ágúst 2016

ÞJÓNUSTA VIÐ FJARNEMA

Umfangsmesta fastaverkefni félagsins má segja að sé þjónusta við nemendur á háskólastigi á starfssvæðinu, aðallega fjarnema. Bæði er um að ræða rekstur á lesaðstöðu en einnig er mikill fjöldi nema, bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi, sem þreytir próf hjá félaginu. Þá er fjöldi nemenda Háskólans á Akureyri sem sækir kennslustundir í fjarfundarbúnaði á vegum félagsins. Langmesta umfangið á þessu sviði er í Fjölheimum, en einnig er þjónusta af þessu tagi í boði í Vík, á Kirkjubæjarklaustri og Höfn í Hornafirði. Á vorönn voru 517 skráningar til prófs og á haustönn voru þær 528. Starfsmenn félagsins sjá um að taka við þessum prófum í tölvupósti eða prenta út af vef skólanna, fjölfalda og hefta, skipuleggja og í mörgum tilfellum sjá um yfirsetu, sendingu á úrlausnum til skólanna, yfirleitt í pósti. Skólarnir greiða ekki fyrir þessa þjónustu nema Háskólinn á Bifröst og Fjölbrautaskólinn við Ármúla.

Félagið hefur síðan 2013 tekið gjald af fjarnemum vegna þessarar þjónustu en frá og með haustönn 2015 var það einnig gert í Vík og á Höfn. Þessi gjaldtaka er félaginu mjög mikilvæg en hún skilaði hún félaginu rúmlega 3,4 mkr 2016, en eigi að síður er félagið rekið með talsverðu tapi enda fastar fjárveitingar til félagsins ekki í samræmi við þau verkefni sem það hefur tekið að sér.

KATLA JARÐVANGUR/KATLA GEOPARK

Jarðvangsverkefnið er langstærsta byggðapróunarverkefnið sem Háskólafélagið hefur staðið fyrir en það er nú að mestu orðið sjálfstætt verkefni sjálfseignarstofnunarinnar en framkvæmdastjóri situr í stjórn hennar og Háskólafélagið fjármagnar ferð annars tveggja fulltrúa stofnunarinnar sem hún þarf að senda á tvo samstarfsfundi ár hvert. Vottaðir jarðvangar hafa nú formleg tengsl við UNESCO og tilheyra nú neti UNESCO Global Geoparks. 2015 gekk Katla jarðvangur í fyrsta sinn í gegnum endurvottun (revalidation) og þá fékk hann svokallað gult spjalt, þ.e. vottunin var nú einungis til tveggja ára. Var ástæðan fyrst og fremst veik fjárhagsleg staða. Sl. haust setti ríkisstjórnin á stofn starfshóp um eflingu byggðar og atvinnulífs á svæðinu milli Markarfljóts og Öräfa og tóku þau Helga Þorbergsdóttir stjórnarmaður félagsins og Sigurður Sigursveinsson framkvæmdastjóri virkan þátt í vinnu starfshópsins og í kjölfar tillagna hans skrifaði Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra og

stjórn jarðvangsins undir viljayfirlýsingu þar sem heitið var 20 milljón króna árlegu framlagi til jarðvangsins á fjárlögum. Það gekk síðan eftir á fjárlögum 2017. Sumarið 2017 fer jarðvangurinn aftur í gegnum endurvottun og tók framkvæmdastjóri virkan þátt í skýrslugerð í því sambandi sl. haust.



Undirritun viljayfirlýsingar um stuðning ríkisins við Kötlu jarðvang 20. október 2016 á aðalfundi SASS á Hótel Hnappavöllum í Örfæum.

MATVÆLABRÚIN – NÝSKÖPUN OG STJÓRNUN

Að loknu nokkurra ára undirbúningsvinnu hófst kennsla á svokallaðri Matvælabrú Háskólafélagsins haustið 2014 í náinni samvinnu við matvælafyrirtæki í landshlutanum. Um var að ræða tveggja anna diplómanám með starfi og áhersla lögð á nýsköpun og stjórnun. Sjö nemendur stunduðu nám á brautinni 2014-2015 en veturinn 2015-2016 voru nemendurnir fjórir. Voru það nokkur vonbrigði hversu fáir nemendur skiluðu sér en nokkrir gengu úr skaftinu á síðustu stundu. Kennslan var fjármögnuð með skólagjöldum og voru þau 340.000 kr/nemanda og hefur félagið aðstoðað fyrirtækin við umsóknir í starfsmenntasjóði til að létta undir með þeim varðandi greiðslu skólagjalda starfsmanna sinna. Einnig

hafa nokkrir nemendur stundað nám á brautinni á eigin vegum. Í ljósi dræmrar aðsóknar var ákveðið að bjóða ekki upp á námið haustið 2016.

FERÐAMÁLABRÚIN – NÝSKÖPUN OG STJÓRNUN

Ferðamál eru annar mikilvægur þáttur atvinnulífs á Suðurlandi og hefur verið í miklum vexti undanfarin ár. Unnið hefur verið að því undanfarin misseri að skilgreina nám í samvinnu við lykilfyrirtæki í greininni og nýta í því sambandi reynsluna af matvælabrúnni. Félagið hafði forgöngu um gerð umsóknar í Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins vorið 2015 og var umsóknin samþykkt. Ingunn Jónsdóttir verkefnisstjóri leiðir verkefnið og hafa nú verið haldnir samstarfsfundir hér á Íslandi, í Skotlandi og á Spáni en samstarfsaðilar Háskólafélagsins eru University of Highlands and Islands í Skotlandi og Háskólinn í Malaga á Spáni. Um er að ræða tveggja ára verkefni. Fyrri veturinn (2015-2016) voru námsáfangarnir skilgreindir í samræmi við þarfir sunnlenskra ferðaþjónustufyrirtækja og sáu erlendu samstarfsaðilarnir um það en veturinn 2016-2017 er námsbrautin tilraunakennd hjá Háskólafélaginu hér á Íslandi. Þá heimsóttu nemendurnir samstarfsskólann á Spáni haustið 2016 og samstarfsfyrirtæki hans sem lið í náminu. Haft hefur verið samráð bæði við Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) og Rannsóknarmiðstöð ferðamála varðandi verkefnið.

9 nemendur skráðu sig í námið; 6 af vesturhluta svæðisins og 3 úr Sveitarfélaginu Hornafirði. Einn þriggja nemendanna á austursvæðinu skilaði sér ekki í námið vegna anna og einn af vestursvæðinu hætti um áramót, sömuleiðis vegna anna. Almenn ánægja er meðal nemendanna með námið. Á næstunni verður tekin ákvörðun um framhald námsins næsta vetur en m.a. hefur komið til tals að bjóða upp á námskeiðin sem þróuð hafa verið sem stök námskeið fremur en námbraut, og að Fræðslunetið komi að utanumhaldi og starfrækslu námskeiðanna.

ÖNNUR VERKEFNI

Ingunn Jónsdóttir verkefnastjóri hefur tekið þátt í NORA verkefni í samvinnu við Matís og fleiri aðila um lífhagkerfið (Bio economy) í dreifbýli. Þrátt fyrir að Ingunn hafi látið af störfum hjá Matís í byrjun mars 2016 hefur hún áfram komið að verkefninu sem fékk framhaldsstyrk 2016.

Erasmus+ verkefnið Geo education var umfangsmesta erlenda samstarfsverkefni félagsins á liðnu ári og lauk því með lokaskýrslu sl. haust. Samstarfsaðilar félagsins í verkefninu eru frá Króatíu, Portúgal og Póllandi en því var stýrt frá Póllandi. Verkefnið fólst í þróun á aðferðum til að sinna jarðmenntun (Geo education), einkum meðal fullorðinna. Hvert landanna sendi tvo hópa (fimm og átta manna) í heimsókn til hvers hinna þriggja landanna til að kynna sér aðstæður og aðferðir í þessu sambandi. Alls var því um 39 ferðir að ræða frá Íslandi og við tókum tvívegis á mótí hópum frá hinum löndunum. Verkefnið var unnið í nánum tengslum við Kötlu jarðvang og var reynt að gefa sem flestum sem koma að málefnum jarðvangsins tækifæri til að taka þátt í þessum ferðum, alls tuttugu einstaklingum. Það er mat framkvæmdastjóra að verkefnið hafi nýst vel til að styðja við starf jarðvangsins en kennarar og sveitarstjórnarmenn úr öllum þremur sveitarfélögum jarðvangsins voru meðal þátttakenda. Myndarleg litprentuð skýrsla var gefin út um verkefnið á fimm tungumálum og sá framkvæmdastjóri um að þýða hana úr ensku. Stefnt er það því að kynna verkefnið eystra í jarðvangsvikunni eystra í lok apríl. Mikil vinna var við verkefnið, einkanlega hjá framkvæmdastjóra en á mótí kemur að þrátt fyrir að einingaverð fyrir ferðakostnaði í Erasmus+ áætluninni sé óhagstætt fyrir Ísland, og gengisþróun hafi verið óhagstæð var nokkur framlegð af verkefninu til rekstrar félagsins.



Íslensku þátttakendurnir í Berlín á heimleið af lokafundi Geo education verkefnisins í Póllandi.

Haustið 2016 hófst tveggja ára Nordplus Horizontal verkefni með þátttöku Háskólafélagsins. Verkefninu er stýrt af dönskum aðila en auk þess eru þátttakendur frá Noregi og Eistlandi, bæði sveitarfélögum og háskólum. Verkefnið er tvíþætt, annars vegar er fjallað um mismunandi leiðir til að koma fræðslu/kennslu til skila, m.a. í ljósi tæknibreytinga, og hins vegar um hugtakið resilience sem þýtt hefur verið sem seigla á íslensku. Framkvæmdastjóri og Ingunn verkefnastjóri fóru á eins dags fund í Vejle í september þar sem verkefninu var ýtt úr vör en að öðru leyti er notast við fjarfundi (webinars) á netinu í samstarfinu. Í janúar 2017 var svo haldinn vinnufundur á Selfossi og síðar á árinu verður vinnufundur í Kristiansand í Noregi en lokafundur í Eistlandi vorið 2018.

Í september heimsótti Suðurland um tuttugu manna hópur frá Skotlandi í samvinnu Háskólafélagsins og Ásborgar Arnþórsdóttur ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnessýslu og var m.a. í því sambandi haldið málþing á Flúðum, undir kjörorðunum Learn, Taste, Experience.

SAMSTARF VIÐ SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA (SASS)

Allt frá árinu 2013 hefur félagið átt umtalsverða aðkomu að Sóknaráætlun Suðurlands í góðri samvinnu við SASS og Fræðslunetið en 2016 varð sú meginbreyting að nú er formlegur samningur milli Háskólafélagsins og SASS varðandi ráðgjafarþjónustu á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningarmála auk áhersluverkefna sóknaráætlunar. Þá hefur samningur þessi leitt af sér aukin tengsl við þekkingarsetrin í Vestmannaeyjum og á Höfn, auk Kötluseturs í Vík og Markaðsstofu Suðurlands. Samningurinn fellur vel að samþykktum félagsins enda var til þess stofnað með heimanmundi frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands á sínum tíma, og félagið hefur alla tíð sinnt byggðapróunarverkefnum, t.d. jarðvangsverkefninu. Þá rennir samningurinn styrkari stoðum undir fjárhagslegan rekstur félagsins en það hefur verið rekið með umtalsverðum halla undanfarin ár. Af hálfu SASS hefur Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri umsjón með verkefnum samningsins auk Bjarna Guðmundssonar framkvæmdastjóra. Það er mat framkvæmdastjóra að samningurinn við SASS sé félaginu mjög mikilvægur en viðmiðunartaxti vegna vinnu sérfræðinga félagsins er of lágur og hefur athugasemdum í því sambandi verið komið á framfæri við framkvæmdastjóra SASS.

26. apríl 2016 stóð félagið fyrir málþingi á Selfossi í samvinnu við SASS um framtíð háskólanáms á Suðurlandi og höfðu þar framsögu fulltrúar allra sjö háskóla landsins auk forsætisráðherra, fulltrúa mennta- og

menningarmálaráðuneytisins, Alþingis, Háskólafélagsins og fjarnema á Suðurlandi. Málþingið var vel sótt og þótti takast vel.

Í tengslum við áform og ákvörðun Háskóla Íslands um að færa kennslu í íþróttá- og heilsufræði frá Laugarvatni til Reykjavíkur tók félagið þátt í viðræðum Bláskógabyggðar, SASS og alþingismanna kjördæmisins við Háskóla Íslands, en hluti af boðuðum mótvægisaðgerðum Háskólans í þessu sambandi við var aukið samstarf HÍ við Háskólafélagið. Nemendur félagsins á ferðamálabrúnni voru fyrstu nemendurnir til að nýta sér gistimöguleika á Laugarvatni við þessar breyttu aðstæður í byrjun september 2016 og í kjölfar fundar yfirstjórnar HÍ með stjórn SASS og fulltrúum félagsins í byrjun ágúst 2016 var ákveðið að fela Félagsvísindastofnun að gera könnun á þörf eftir fjarnámi á háskólastigi á Suðurlandi.

STARFSEMI HÁSKÓLAFÉLAGSINS Á HÖFN

Sveitarfélagið Hornafjörður gerðist aðili að Háskólafélaginu í ársbyrjun 2014 í kjölfar þess að starfsstöð Austurbrúar (áður Þekkingarnets Austurlands) á Höfn var lokað. Áhyggjuefni er að erfiðlega hefur gengið að fá skilning fjárveitingavaldsins á því að flutningur Hornafjarðar á starfssvæði Háskólafélagsins kallar á eðlilegar fjárveitingar í því sambandi. Í fjárlögum 2015 fékkst 3 mkr varanleg fjárveiting til Fræðslunetsins vegna þessa og var sú fjárhæð skilgreind þannig að hún endurspegladi hlutfall Hornafjarðar af íbúafjölda Austurlands annars vegar og 30% hlutdeild framhaldsfræðslu í fjárveitingu Þekkingarnets Austurlands hins vegar. Engin slík fjárveiting hefur fengist til Háskólafélagsins vegna háskólaþjónustunnar á Höfn en með sömu röksemdum mundi hún nema um 7 mkr á ári.

Í starfsskýrslum félagsins undanfarin ár hefur verið velt upp þeirri spurningu hvort háskólaþjónustan á Höfn væri betur komin hjá Þekkingarsetri Nýheima sem verkefni nærþjónustunnar þar, en aðkoma Háskólafélagsins væri fremur tengd ýmsum samstarfsverkefnum hverju sinni. Engar viðræður hafa þó farið fram hvað þetta varðar.

SAMSTARFIÐ VIÐ FRÆÐSLUNETIÐ OG MÖGULEG SAMEINING FÉLAGANNA

Á árinu var talsverð umræða um mögulega sameiningu félaganna en í nóvember 2015 rituðu félögin bréf til mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem stjórnir félaganna lýstu sig reiðubúna til viðræðu við ráðuneytið um sameininguna og nauðsynlega

stefnumörkun og fjármögnun í því sambandi. Engin formleg viðbrögð hafa borist við því erindi.

Í kjölfar aðalfundar félagsins 1. júní 2016 sendi framkvæmdastjóri Fræðslunetinu erindi þar sem fram kom það álit eigenda félagsins (14 sveitarfélaga auk SASS) að ástæða væri til þess að skoða í fullri alvöru að sameina rekstur félaganna í einu félagi. Jafnframt fór stjórn félagsins fram á viðræður við fulltrúa Fræðslunetsins um málið með það að markmiði að niðurstaða fengist fyrir árslok.

Á fundi stjórnar Fræðslunetsins 24. ágúst 2016 var ákveðið að fara fram á að sjá frekari forsendur fyrir sameiningu félaganna áður en ákvörðun yrði tekin. Stjórnin lagði til að framkvæmdastjórar og formenn stjórnna félaganna skiluðu af sér upplýsandi gögnum áður en ákvörðun yrði tekin um viðræður.

Í framhaldinu var unnið minnisblað um málið og lagt fyrir stjórnir félaganna. Stjórn Fræðslunetsins fundaði um minnisblaðið á fundi 18. október 2016 og bókaði að hún teldi ávinning af sameiningu félaganna ekki nægilega ljósan að sinni. Jafnframt bókaði stjórnin að sóknarfæri kynnu enn að leynast í aukinni og formaðri samvinnu félaganna og hvatti framkvæmdastjóra og starfsfólk til að skoða markvisst slíka möguleika.

Stjórn Háskólafélagsins fjallaði um minnisblaðið og viðbrögð stjórnar Fræðslunetsins við því á fundi sínum 27. október 2016. Stjórnin fól formanni og framkvæmdastjóra að taka saman greinargerð um þá kosti og þau tækifæri sem sameining félaganna gæti falið í sér.

Á fundi stjórnar Fræðslunetsins 13. desember 2016 fjallaði hún annars vegar um minnisblað Háskólafélagsins dags. 12. desember 2016 og hins vegar um hugmyndir framkvæmdastjóra Fræðslunetsins um frekari samvinnu við Háskólafélagið. Stjórnin virðist ekki hafa tekið formlega afstöðu til minnisblaðs Háskólafélagsins um kosti og tækifæri sameiningar en tók fram að hún styddi aukna samvinnu milli félaganna og fól framkvæmdastjóra og starfsfólki að skoða slíka möguleika á grunni fyrrgreindra hugmynda. Framkvæmdastjóri mundi síðan gera stjórn grein fyrir framgöngu samvinnunnar fyrir 1. júní 2017.

Engar viðræður hafa enn farið fram um þessar hugmyndir framkvæmdastjóra Fræðslunetsins.

Meðal samstarfsaðila Háskólafélagsins má nefna Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi, Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands, Rannsóknarsetur Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi, Keili, Háskólann á Hólum, Háskólann á Bifröst, Landgræðsluna í Gunnarsholti, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Matís, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Atorku, Kötlu jarðvang, Kirkjubæjarstofu, Kötlusetur, Þekkingarsetrið Nýheima, Endurmenntun HÍ, European and Global Geoparks Networks, mennta- og menningarmálaráðuneytið auk ýmissa annarra stofnana og fyrirtækja, bæði á Suðurlandi og utan þess.